Vegna: Máls nr. 0428/2023, Vesturvör 38A og 38B (Kynning tillögu)

Athugasemd: Góðan dag. Með tilliti til Reykjavíkurflugvallar og starfsemi honum aðlútandi, núverandi og áætlaðri, bendir Samgöngustofa á: • Að rétt sé að taka tillit til Samgönguáætlunar https://www.stjornarradid.is/verkefni/samgongur/samgonguaaetlun/ . • Þingsályktanir um samgönguáætlun fyrir árin 2020–2034 (stefnu til fimmtán ára) https://www.althingi.is/altext/150/s/1944.html ásamt fimm ára aðgerðaáætlun fyrir árin 2020–2024 https://www.althingi.is/altext/150/s/1943.html . • Að taka þurfi tillit til hindrunarflata og öryggissvæða Reykjavíkurflugvallar auk settra og áætlaðra flugleiða við hann. Hafa skal samband við rekstraraðila flugvallarins, Isavia innanlandsflugvellir ehf., varðandi leyfilega hámarkshæð mannvirkja eða búnaðar við og eftir áætlaðar framkvæmdir þessa verkefnis. • Að um umferðarmál kemur fram í Samgönguáætlun Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga, SASS, 2019-2029 https://www.sass.is/wordpress/wp-content/uploads/2019/10/10-Samg%C3%B6ngu%C3%A1%C3%A6tlun-SASS-2019_-_2029.pdf að í forgangi sé að tryggja öryggi vegfarenda. Samgöngustofa vill því benda á mikilvægi merkinga og viðvörunarljósa við áformaðar aksturs- og gönguleiðir auk góðrar samfelldrar birtudreifingar almennrar umferðarlýsingar, þjónandi bæði gangandi og akandi vegfarendum og án þess að trufla flugumferð. Með kveðju / Best regards, Tómas Björn Ólafsson - SGS Eftirlitsmaður / Inspector Aerodromes Icelandic Transport Authority Ármúli 2, 108 Reykjavík Iceland Sími / Phone +354 480 6000 www.samgongustofa.is / www.icetra.is Verndum umhverfið, prentum sem minnst Fyrirvari við tölvupóst - email disclaimer

Höfundur: Dröfn Gunnarsdóttir/drofn.gunnarsdottir@samgongustofa.is

Sent inn þann: 19.09.2023

Skjal sótt af '0000000000' dags: 24.11 2026